

GAGNVEGIR GÓÐIR

FORMENNSKA
ÍSLANDS 2019



Norræna
ráðherranefndin

Gagnvegir góðir

Formennska Íslands í Norrænu ráðherranefndinni 2019

ANP 2018:825

ISBN 978-92-893-5856-9 (PRINT)

ISBN 978-92-893-5857-6 (PDF)

ISBN 978-92-893-5858-3 (EPUB)

<http://dx.doi.org/10.6027/ANP2018-825>

© Norræna ráðherranefndin 2018

Umbrot: Louise Jeppesen

Kápu mynd: unsplash.com

Prentun: Rosendahls og 07 Media AS

Printed in Denmark and Norway



Formennska Íslands í Norrænu ráðherranefndinni 2019 er græn formennska.

Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðissamstarf í heimi. Að samstarfinu koma Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og lætur muna um sig í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Löndin stuðla sameiginlega að öflugum Norðurlöndum í öflugri Evrópu.

Með norrænu samstarfi er hagsmuna svæðisins gætt og norræn gildi eflað í hnattrænu samhengi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlanda og skipa þeim meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

Norræna ráðherranefndin

Nordens Hus

Ved Stranden 18

DK-1061 Kaupmannahöfn

www.norden.org

Hlaða niður og panta norræn rit: www.norden.org/nordpub

FORMENNSKA ÍSLANDS Í NORRÆNU RÁÐHERRANEFNDinni 2019

Efnisyfirlit

- 4 Kveðja frá forsætisráðherra og samstarfsráðherra Norðurlandanna
- 9 Ungt fólk á Norðurlöndunum
- 13 Sjálfbær ferðamennska í norðri
- 17 Hafið – blár vöxtur í norðri
- 23 Norðurlöndin eiga erindi



Kveðja frá forsætisráðherra og samstarfsráðherra Norðurlandanna

*en til góðs vinar
liggja gagnvegir,
þótt hann sé firr farinn*

*Hávamál, Konungsbók
Eddukvæða*

Gagnvegur, K beinn vegur,
stysta leið

Íslensk orðabók



Forsætisráðherra
Katrín Jakobsdóttir



Samstarfsráðherra Norðurlandanna
Sigurður Ingi Jóhannsson

Yfirskrift formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni árið 2019 er sótt í Hávamál, hin gömlu vísdómsorð víkinganna sem voru skrifuð fyrir um 1000 árum. Þessi sameiginlegi menningararfur okkar inniheldur djúpvittrar leiðbeiningar um dyggðugt líf og góð samskipti. Í þeim fordæmir höfundur meðal annars græðgi, óheilindi og óhóf, og vegaþar orðheldni, vinnusemi og ekki síst vináttu.

Kvæði Hávamála kenna okkur að það er alltaf stutt – gagnvegur – til góðs vinar.

Þannig liggja sannarlega gagnvegir á milli Norðurlandanna, milli Reykjavíkur og Helsinki, Oslóar og Nuuk, Þórshafnar og Stokkhólms, Kaupmannahafnar og Maríuhafnar. Norðurlandabúar geta nánast óhindrað fært sig á milli landa, stundað nám, starfað eða stofnað fyrirtæki. Við erum auðsúgestir hvert hjá öðru og þessi hreyfanleiki gerir Norðurlöndin að samþættasta svæði heims sem býr yfir miklum efnahagsstyrk og ríkum félagsauði.

Gagnvegir okkar liggja ekki bara inn á við heldur líka út í heim. Sameiginlegt kynningarstarf Norðurlandanna í Norður-Ameríku, Asíu og víðar hefur sýnt og sannað að saman geta Norðurlöndin náð betri árangri heldur en ein og sér. Norðurlöndin eru frábært vörumerki hvort sem um er að ræða fiskflak eða lambalæri, tölvuforrit eða arkitektúr,

sjónvarpsseríu á netinu eða sönglag á Spotify. Norðurlöndin eru opin fyrir fjölþjóðasamskiptum, við vinnum saman í Evrópu og viljum áfram eiga samtal og samstarf við önnur ríki heims um lausnir á hnattrænum úrlausnarefnum.

Síðast en ekki síst liggja gagnvegir um hinn stafræna heim. Þjóðbrautir framtíðar eru stafrænar og með góðum nettengingum rúmast allur heimurinn í snjallsíma. Á netinu er hægt að stunda viðskipti og nýsköpun, efla menntun og menningu, velferð og velsæld. Tækniþyngingin felur í sér óteljandi tækifæri, ekki síst fyrir dreifðari byggðir og fámenn samfélög. Það er okkar að leggja hina stafrænu vegi og Norðurlöndin ætla að vera í fremstu röð þegar kemur að 5G-væðingu.

Í formennskuáætlun Íslands er beint sjónum að málefnum ungs fólks á Norðurlöndum – kynslóðarinnar sem fæddist í kringum aldamótin og er að hefja vegferð sína út í lífið. Við viljum hlusta á ungt fólk og standa fyrir verkefnum sem efla menntun, menningu og heilbrigði.

Í öðru lagi verður formenskukerfnum á sviði sjálfbærrar ferðamennsku hleypt af stokkunum en þar standa Norðurlöndin frammi fyrir sambærilegum áskorunum. Við þurfum að finna jafnvægið milli vaxtar og verndar, taka vel á móti gestum en gæta um leið



Mynd: GlobalGoals.org

að því að ekki sé gengið á viðkvæma náttúru.

Í þriðja lagi verða málefni hafsins og bláa lífhagkerfið í forgrunni á formennskutímabili Íslands. Hafið tengir Norðurlöndin saman, skapar vinnu og verðmæti. Málefni hafsins eru líka brýnt umhverfismál og efnt verður til umfangsmikillar samvinnu til að hreinsa og vernda höfin, ekki síst gegn plastmengun.

Málefnum Norður-Atlantshafssvæðisins verður gefinn sérstakur gaumur, enda svæðið mikilvægur hluti Norðurlandanna rétt eins og Eystrasaltið, Barentshafið og norðurslóðir. Leitað verður samlegðar-áhrifa við formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu 2019 til 2021.

Inn í formennskuverkefnin fléttast jafnréttismál, þ.m.t. aðgerðir tengdar #metoo-byltingunni til að binda endi á ofbeldi gegn konum og stöðva kynferðislega áreitni. Þetta er líka í fyrsta skipti sem heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna verða sérstaklega samþætt formennskuáætlun í Norrænu ráðherra-nefndinni. Norðurlöndin eru í fararbroddi í framkvæmd heimsmarkmiðanna og hafa lengi lagt áherslu á jafnrétti og jöfnuð, umhverfis- og loftslagsmál, þróunarsamvinnu og friðsamlega lausn deilumála.

Í gömlu orðtaki segir um vináttuna: „Vinur er sá er til vammis segir.“ Þau orð eiga sömuleiðis erindi, ekki síst núna þegar sundrungu, öfgum og einræðis-tilburðum virðist vaxa ásmegin svo víða. Þau minna okkur á að Norðurlöndin verða áfram að vera kröftugur málsvari friðar, mannréttinda og mannúðar á grundvelli alþjóðalaga og alþjóðastofnana.

Ekkert af þessu er sjálfgefið. Norræn samvinna er ekki einu sinni sjálfgefin. Hún er niðurstaða sameiginlegra ákvarðana Norðurlandanna um að samtal, virðing og vinátta séu sterkustu stoðirnar fyrir svæðisbundna samvinnu. Að öflug velferð sé ekki andstæða heldur beinlínis forsenda þróttmikils atvinnulífs. Að það sé betra að byggja brýr heldur en múra, að fjölbreytileiki sé styrkur en ekki veikleiki, og að standa beri vörð um lýðræði og réttarríki, bæði heima og að heiman.

Við hlökkum til áframhaldandi kröftugs norræns samstarfs á árinu 2019 – sjáumst á Íslandi.



Mynd: unsplash.com



Mynd: GlobalGoals.org



Mynd: Scenpix Ritzau

UNGT FÓLK Á NORÐURLÖNDUNUM

Á formennskuári Íslands 2019 verður kynslóðin sem fædd er um síðustu aldamót að ljúka menntaskóla- eða verknámi, fara í háskóla eða út á vinnumarkaðinn, flytja að heiman og stíga inn í samfélagið. Þeirra er framtíðin. Á formennskuárinu verður sjónum beint að ungu fólki með formenskuverkefnum á sviði menntunar, menningar og heilbrigðis, þar sem áhersla er lögð á virka þátttöku og samtal við fulltrúa ungs fólks.

Það er stefna Norrænu ráðherranefndarinnar að Norðurlöndin verði besti staður í heimi fyrir börn og ungmenni. Það er verðug áskorun og um leið tækifæri til þess að skapa börnum og ungu fólki aukið rými til þess að vaxa og dafna sem virkir einstaklingar. Í stefnu um norrænt menningarsamstarf fyrir árin 2013 til 2020 er einnig lögð sérstök áhersla á ungt fólk á Norðurlöndunum og markmiðið er að börn og ungmenni skapi, njóti og hafi áhrif á listir og menningu.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru leiðarljós formennskuáætlunar Íslands en ungt fólk gegnir lykilhlutverki í að ná fram heimsmarkmiðunum. Til þess að það sé hægt þarf að hvetja ungt fólk til virkrar þátttöku í samfélaginu og gera ráð fyrir aðkomu unga fólksins að mikilvægum ákvörðunum. Þannig veitum við því hlutdeild í samfélagi okkar allra.

Menntastofnanir leika stórt hlutverk við innleiðingu heimsmarkmiðanna. Með menntun öðlast ungmenni þá færni og kunnáttu sem þarf til að auka virkni og þátttöku þeirra í samfélaginu og þróun þess.

Norðurlöndin hafa tekið á móti hópum af ungu fólki og börnum sem þurfa að eignast nýtt líf í nýju landi. Það er mikil áskorun að láta þessum nýju borgurum líða vel og finna að framlag þeirra sé mikilvægt norrænum samfélögum. Vinna þarf markvisst gegn útskúfun og einangrun þessa hóps.

Verkefnið Ungt fólk á Norðurlöndunum er þrjúþætt líkt og önnur formennskuverkefni Íslands og allir verkþættirnir eiga það sameiginlegt að börn og ungt fólk eru í fararbroddi. Sérstök áhersla er lögð á jafnrétti, hreyfanleika og sýni-leika.

Markmið verkefnisins um **menntun fyrir alla** er að Norðurlöndin verði í fararbroddi við innleiðingu á fjórða heimsmarkmiði Sameinuðu þjóðanna með sérstaka áherslu á undirmarkmið 4.7. Það nær til allra skólastiga og lýtur að því að þjónusta og stuðningur við menntakerfi landanna verði í fremstu röð og að einstaklingar hafi tækifæri til fjölbreytts náms og starfa, án aðgreiningar. Til að efla lýðræðis-samfélagið þarf að leggja grunn að virkri þátttöku á öllum skólastigum og



veita börnum og ungmönnum viðeigandi undirbúning og fjölbreytt tækifæri fyrir frekara nám eða störf. Verkefnið er þrjúþætt og felst í samnorrænni kortlagningu á innleiðingu heimsmarkmiðs 4.7, samræðu ungs fólks um markmiðið og kennsluefni með gæðavísium til framtíðar um innleiðingu þess.

GÁTT er vettvangur sem sameinar nokkrar af sterkustu listahátíðum Norðurlanda í verkefnum sem hafa það að markmiði að veita ungu listafólki af svæðinu tækifæri til þess að tengjast innbyrðis og koma listsköpun sinni á framfæri. Hröð þróun á alþjóðavettvangi og fjölgun íbúa frá öðrum menningarsvæðum kalla á breytingar í norrænu samstarfi sem fela í sér áskorun til aðlögunar og um leið tækifæri til menningarlegrar nýsköpunar. Mikilvægt er að styrkja og þróa menningar- og listalíf á Norðurlöndum með því að stuðla að nýsköpun og auknum tengslum listamanna sín á milli og tengslum þeirra við norrænar listahátíðir og listviðburði.

Fyrstu þúsund dagar barnsins ná frá meðgöngu fram að tveggja ára aldri. Á þessu mikilvæga tímabili mótast barnið sem einstaklingur og það hefur áhrif á geðheilsu þess síðar á lífsleiðinni svo sem á unglingsárum. Markmið verkefnisins er að finna bestu leiðir til að efla geðheilsu og vellíðan á fyrstu árum lífsins þannig að öll börn á Norðurlöndunum hljóti besta mögulega upphaf í lífinu. Gerð verður greining á núverandi stöðu og söfnun góðra aðferða hvað varðar geðheilsu mæðra á meðgöngu, eflingu tilfinningatengsla milli barna og foreldra, snemmtæka íhlutun við áhættuþáttum í lífi ung- og smábarna, og vellíðan yngstu barnanna í leikskólum.





Mynd: unsplash.com



Mynd: GlobalCrisis



Mynd: unsplash.com

SJÁLFBÆR FERÐAMENNSKA Í NORÐRI

Náttúra Norðurlandanna einkennist af líffræðilegri og jarðfræðilegri fjölbreytni en verulegur munur er á náttúru og landslagi frá norðri til suðurs og austri til vesturs. Stórar borgir og þéttbýli eru dæmigerð fyrir syðri og eystri hluta svæðisins en í norðri og vestri er að finna viðkvæma náttúru, stór óbyggð svæði, strjálbýli og víðerni. Útivera og samneyti við náttúruna, ásamt gamalgróinni gestrisni, er samofin sjálfsmynd og menningu Norðurlandabúa. Nokkur vel þekkt kennileiti og náttúruundur finnast á Norðurlöndunum og löndin þykja góð heim að sækja af mörgum ástæðum. Þéttbýlissvæðing síðustu áratuga hefur aðeins aukið þörfina og áhugann á að njóta einstæðrar náttúru. Á sama tíma eykst fjöldi þeirra sem hafa ráð á því að ferðast um heiminn og þó margir leiti helst uppi eftirsóttu áfangastaði fjölgar þeim stöðugt sem vilja njóta náttúrunnar fjarri alfaraleið.

Ferðamennska á Norðurlöndunum hefur verið í örum vexti undanfarin ár. Samspil náttúru, menningar og sögu, ásamt fjárfestingu í innviðum og aukinni þekkingu, hefur búið ferðapjónustunni hagstætt umhverfi til vaxtar. Sívaxandi fjöldi ferðamanna felur í sér margar nýjar áskoranir. Álag á viðkvæma náttúru, nauðsynleg fjárfesting í bættum innviðum og öryggismál ferðamanna jafnt á landi sem sjó eru dæmi um stór, sameiginleg viðfangsefni ríkis og sveitar-

félaga, sem og fyrirtækja og almennings í ferðapjónustu.

Mikilvægt er fyrir Norðurlöndin að læra af reynslu og miðla lausnum hvers annars í því skyni að fanga þann ávinning sem felst í hröðum vexti ferðamennsku, meðal annars fyrir atvinnuuppbyggingu í dreifðum byggðum. Það er sameiginlegt markmið allra Norðurlandanna að vernda þau náttúru- og samfélagsgæði sem eru grundvöllur ferðamennsku í norðri og styrkja þannig stöðu og sameignishæfni greinarinnar. Of margir ferðamenn á litlu svæði á sama tíma geta í senn skaðað umhverfi og náttúru og skapað neikvæða upplifun hjá gestunum. Það viljum við ekki.

Áherslan felur í sér samvinnu Norðurlandanna um jafnvægi milli vaxtar og verndar við uppbyggingu sjálfbærrar ferðapjónustu. Stefnt er að því að ná yfirsýn yfir sameiginlegar áskoranir og stefnumótun landanna á þessu sviði. Aukin áhersla á náttúruvernd, sjálfbærni, nýsköpun og félagslega ábyrgð ferðapjónustunnar mun til lengri tíma styrkja greinina, gefa heimamönnum tækifæri til virkrar þátttöku og stuðla að jákvæðu viðhorfi heimafólks til ferðapjónustu. Greindar verða helstu áskoranir og tækifæri sem felast í vaxandi ferðapjónustu á norðlægum slóðum. Lögð er áhersla á þátttöku allra Norðurlandanna með

Það fyrir augum að nýta sem best samlegðaráhrif samstarfs landanna.

Formennskuverkefnið á sviði sjálfbærrar ferðamennsku í norðri snúast um **ferðamennsku og náttúruvernd**, þar sem fyrst og fremst er litið er til náttúruverndar, loftslagsmála, hönnunar og gæða innviða, ekki síst með tilliti til upplifunar gesta; **stafræna væðingu ferðaþjónustunnar** til aukinnar sjálfbærni og samkeppnishæfni; og **staðbundinn mat** í norrænni ferðaþjónustu sem byggist á matarhefðum og matarmenningu, ásamt nýsköpun í anda hins nýja norræna eldhúss. Lögð verður áhersla á að kynna ungu fólki þá möguleika sem felast í sjálfbærri ferðamennsku.

Stefnt er að því að virkja unga frumkvöðla í því skyni að þróa nýjar lausnir á völdum viðfangsefnum er snerta áhersluna um sjálfbæra ferðamennsku, í samstarfi við norræna nýsköpunarumhverfið og Norrænu nýsköpunarmiðstöðina.

Verkefnið um **ferðamennsku og náttúruvernd** miðar að því að auka þekkingu og deila reynslu um tengsl ferðamennsku og þjóðgarða og annarra náttúruverndarsvæða á Norðurlöndunum, einkum á norðlægum slóðum. Litið verður til stefnumótunar, skipulags varðandi fjöldastýringu, upplýsingagjafar til ferðamanna, uppbyggingar innviða, þar á meðal innleiðingu endurnýjanlegrar orku í samgöngum, vottunar



Mýnd: unsplash.com



Mýnd: Jákupsson for Nordic Innovation

og reksturs, og annars fyrirkomulags í þjóðgörðum.

Stafræn væðing ferðaþjónustunnar


hefur að markmiði að auka getu smærri ferðaþjónustufyrirtækja til að nýta sér kosti stafrænnar tækni við daglegan rekstur og markaðssetningu. Gerð verður þarfagreining er snýr að þekkingu og getu lítilla fyrirtækja til að nýta sér stafræna væðingu, til dæmis til að stýra fjölda ferðamanna inn á tiltekin svæði. Dæmi frá Norðurlöndunum um vel heppnaða notkun stafrænnar tækni í ferðaþjónustu verða nýtt til að breiða út þekkingu um besta mögulega verklag.

Staðbundinn matur í ferðaþjónustu snýr að því að undirbúa ferðaþjónustuna undir þær breytingar sem má vænta í matvælaframleiðslu á Norðurlöndum vegna loftslagsbreytinga, breytinga á neysluhegðun ferðamanna og væntinga gesta til staðbundinna matvæla. Í verkefninu verður skoðað hvernig aukin áhersla á gæði og fjölbreytileika matvæla í heimabyggð, samfara nýsköpun í matvælaframleiðslu, getur stuðlað að sjálfbærri nýtingu matarauðlindarinnar, nýjum atvinnutækifærum og verðmætasköpun í heimabyggð.





Mynd: unsplash.com



Mynd: GlobalGoals.org



Mynd: unsplash.com

HAFIÐ – BLÁR VÖXTUR Í NORÐRI

Hafið hefur bundið Norðurlöndin saman í tímans rás. Hafið er þjóðbraut fólks og hugmynda, flutninganet vöru og þjónustu, og sjálfbær uppspretta velferðar og verðmæta. Mikilvægi hafsins er því ótvírætt í menningu, viðskiptum og náttúru Norðurlandanna allra. Sum Norðurlandanna reiða sig að stórum hluta á auðlindir hafsins og heilbrigð hafsvæði eru undirstaða velmegunar þeirra. Sjálfbærni hafsins, auðlinda þess og vistkerfa er órjúfanlegur hluti af sjálfsmynd okkar.

Sjálfbær nýting og verndun lifandi auðlinda hafsins hefur lengi verið sameiginlegt markmið Norðurlandanna á alþjóðavettvangi. Ísland og Noregur tóku virkan þátt í þróun hafréttar og mótun alþjóðareglna um fiskveiðar. Svíþjóð hefur farið fremst í flokki við að sinna fjórtánda heimsmarkmiðinu um hafið, með dyggum stuðningi allra Norðurlandanna. Danmörk, Svíþjóð og Finnland hafa verið óþreytandi í að taka frumkvæði og styðja við stefnumótun og aðgerðir sem beinast að því að draga úr mengun og byggja upp lífvænleg vistkerfi í Eystrasaltinu. Álandseyjar, Færeyjar og Grænland eru eyjasamfélög þar sem sérhvert mannsbarn býr í návígi við hafið, skynjar það og skilur mikilvægi þess.

Ísland byggir áherslu sína um „Hafið – blár vöxtur í norðri“ á þeirri forystu sem Norðurlöndin hafa tekið í mála-

flokknum bæði heimafyrir, svæðisbundið og alþjóðlega. Stefnumótun einstakra ráðherranefnda og norrænnar samvinnu í heild um sjálfbæra nýtingu og verndun auðlinda hafsins, þar með talið um plast og lífhagkerfið, er einnig lögð til grundvallar. Síðast en ekki síst er fylgt eftir áherslum fyrri formennsku Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um hafið og auðlindir þess.

Flestar þeirra áskorana sem snerta norræn hafsvæði verða einungis leystar með samstarfi þjóða. Mengun virðir engin landamæri - sjálfbær nýting auðlinda er samvinnuverkefni. Undir áherslunni um hafið eru skilgreind þrjú verkefni sem Ísland leggur sérstaka áherslu á í þessari formennskuáætlun. Verkefnin endurspeglar áskoranir sem eru ofarlega á baugi á Norðurlöndunum og alþjóðlega, og byggjast á þeirri grundvallarreglu norrænnar samvinnu að fela í sér aukið virði umfram það sem hvert og eitt landanna hefur fram að færa.

Verkefnin eru um hafnir sem miðstöðvar nýsköpunar og orkuskipta, **NordMar Hafnir**; um lausnir við þeirri ógn sem plast í höfunum er fyrir lífríkið og afkomu okkar, **NordMar Plast**; og um þá möguleika sem felast í fullnýtingu hráefnis og vinnslu sífellt verðmætari vara úr auðlindum sjávar, **NordMar Lífiðjuver**.



Ungir frumkvöðlar verða virkjaðir í því skyni að þróa nýjar lausnir á völdum viðfangsefnum er snerta áherslurnar um hafið í samstarfi við norræna nýsköpunarumhverfið og Norrænu nýsköpunarmiðstöðina.

NordMar Hafnir mun byggja upp samstarf hafna við Norður-Atlantshafið, þ.m.t. við nágretta í vestri í Skotlandi, Kanada og Bandaríkjunum og í austri við Eystrasaltið, þar sem markmiðið er að finna þær áherslur í nýsköpun sem mest þörf er á að hlúa að. Sem dæmi má nefna að hafnir geta gegnt lykilhlutverki í að stuðla að orkuskiptum haftengdrar starfsemi með því að veita aðgengi að vistvænni orku. Stutt verður við hafnir sem athafnasvæði sem tengir

saman rannsóknir og menntun, sjávarútveg og ferðaþjónustu, fólk og fyrirtæki. Unnið verður með hverja áherslu í samstarfi haghafa, þ.m.t. hafna, sveitarfélaga, nýsköpunarumhverfisins, opinberra stofnana og fyrirtækja eftir því sem við á.

NordMar Plast tekst á við plastmengun í höfunum sem er ein af stóru áskorunum samtímans. Meðal annars verður unnið að því að þróa sameiginlega aðferðafræði um hvernig meta megi umfang plasts í umhverfi hafsins. Einnig verður almenningur og sérstaklega ungt fólk upplýst um áskorunina og staðið fyrir viðburðum sem styðja við þá vitundarvakningu sem er víða um heim um skaðsemi plasts. Verkefnið verður unnið í



Mynd: unsplash.com



Mynd: unsplash.com



samvinnu norrænna rannsóknarstofnana en einnig verða frjáls félagasamtök virkjuð til þátttöku í viðburðum.

NordMar Lífiðjuver fylgir eftir áherslu norrænnar stefnumótunar um lífhagkerfið sem snýst um sjálfbæra og betri nýtingu lífrænna auðlinda og verðmætasköpun úr auðlindum sem hafa verið van- eða ónýttar. Sérstaklega verður metin hagkvæmni og möguleikar blárra lífiðjuvera. Verkefnið verður unnið í samvinnu haghafa á Norðurlöndum og við Eystrasaltið. Lögð verður áhersla á að kynna almenningi og sérstaklega ungu fólki þá möguleika sem felast í bláa lífhagkerfinu.

Hafið er ekki einungis ofarlega á baugi á Norðurlöndunum heldur hafa málefni þess hlotið verðskuldaða alþjóðlega

athygli að undanförunu. Í samræmi við forystuhlutverk Norðurlandanna á alþjóðavettvangi mun formennskan kynna áherslu sína um málefni hafsins á norrænum og alþjóðlegum viðburðum á formennskuárinu, þar með talið á ráðstefnunni Our Oceans í Osló 2019. Einnig verður hin árlega samnorræna sýning í *Fælleshus* norrænu sendiráðanna í Berlín haustið 2019 tileinkuð hafinu.

Hafið er sameiginleg áhersla formennsku Íslands í Norrænu ráðherra-nefndinni og Norðurskautsráðinu sem hefst í maí 2019. Málefnaáherslur og áætlanir um viðburði, greiningar og úttektir hafa verið unnar í nánú samráði þessara tveggja formennska og efnt verður til sameiginlegra viðburða sem tengjast málefnum hafsins.





Mynd: momenti.lv



Mynd: Karin Beate Nøstevold



Mynd: unsplash.com

NORÐURLÖNDIN EIGA ERINDI

Það eru óróatímar á alþjóðavettvangi. Alþjóðleg umhverfismál, þróunar-samvinna, milliríkjaviðskipti og öryggis-mál eru dæmi um viðfangsefni sem ná langt út fyrir landamæri og kalla á víðtæka alþjóðlega samvinnu. Þó að áskoranirnar séu fjölmargar hefur ýmislegt áunnist svo sem við að draga úr fátækt og hungri í veröldinni. Heims-markmið Sameinuðu þjóðanna og Parísarsamkomulagið vísa veginn í sjálfbærri þróun og loftslagsmálum, og sýna að með markvissri alþjóða-samvinnu er hægt að ná árangri.

Samtímis er alvarlegt áhyggjuefni hve öfga- og einangrunaröflum hefur vaxið ásmegin. Sótt er að hinu reglubundna alþjóðakerfi sem grundvallast á alþjóðalögum og alþjóðastofnunum, og boðaður er réttur hins sterka til að fá sínu framgengt, með valdi ef með þarf. Víða um heim verða raddir þeirra sem virða mannréttindi að vettugi sífellt háværi og þær virðast kæra sig kollótta um grundvallarreglur lýðræðis og réttarríkis. Þá er stutt í kynþáttahyggju og ofbeldisverk. Sporin hræða.

Við slíkar aðstæður í alþjóðamálum er mikilvægt að halda grundvallargildnum hátt á lofti. Norðurlöndin hafa ávallt verið í hópi þeirra ríkja sem talað hafa fyrir mannréttindum og marghliða alþjóðasamvinnu. Þrátt fyrir að vera hvorki stór né fjölmenn hafa norrænu ríkin haft umtalsverð áhrif og voru til

dæmis í hópi þeirra sem á sínum tíma ruddu brautina í alþjóðlegum umhverfis-málum, friðar- og afvopnunarmálum.

Norræna módelið er líka mikilvæg fyrir-mynd; samfélög þar sem sterkt velferðarkerfi og jöfnuður er ekki andstæða heldur beinlínis undirstaða þróttmikils efnahagslífs. Norðurlöndin hafa líka sýnt að jafnrétti er ekki bara sjálfsagt réttlætismál heldur líka snjöll efnahagsstefna. Norræna ráðherranefndin hefur flutt út norrænar lausnir við hnattrænum áskorunum svo sem á sviði umhverfis- og orkumála. Á þessum sviðum eiga Norðurlöndin erindi.

Norðurlöndin eiga að halda áfram að vera málsvari **friðar og afvopunar** á alþjóðavettvangi. Friðsamleg lausn deilumála á grundvelli alþjóðasamvinnu og alþjóðalaga er markmiðið, og þar getum við lagt gott til málanna. Norðurlöndin eiga með sér bæði formlega og óformlega samvinnu á alþjóðavettvangi svo sem með samstarfi sendiráða og utanríkisþjónusta sem er ótvírætt til hagsbóta.

Formennska Íslands í Norrænu ráðherranefndinni leggur áherslu á að Norðurlöndin haldi áfram að taka virkan þátt í alþjóðlegri umhverfissamvinnu, þar á meðal á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna **COP25** og í stuðningi við heimsmarkmiðin, svo sem á ráðherrafundi Sameinuðu þjóðanna um



heimsmarkmiðin **HLPF** og á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna **UNGA**. Leitast verður við að ungt fólk verði með í kynningu á áherslum formennskunnar og tengingum við heimsmarkmiðin.

Formenska Íslands mun leggja sitt af mörkum á sviði alþjóðlegra jafnréttismála með virkri þátttöku í 63. fundi kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna **Commission for the Status of Women, CSW** í New York, og stefnir að samskonar viðburðum á öðrum vettvangi. Stór alþjóðleg ráðstefna um **#metoo**-byltinguna og hvernig útrýma megi kynferðislegu ofbeldi og áreitni, verður haldin í Reykjavík í september 2019 með þátttöku jafnréttismálaráðherra Norðurlandanna. Norræn ráðstefna um efnahagslega valdeflingu og jafnrétti á vinnumarkaði og rakarastofuviðburður um karla og jafnréttismál fer fram í Færeyjum um mitt ár.

Það er mikilvægt að ungt fólk taki virkan þátt í framkvæmd heimsmarkmiðanna. Af þeim sökum hlakkar Ísland til að vera gestgjafi samræðufundar ungs fólks og sérfræðingahóps **Generation2030** í Reykjavík vorið 2019.

Sérstaða Vestnorræna svæðisins er umtalsverð og þess vegna verður lögð áhersla á samvinnu við Grænland og Færeyjar við framkvæmd formennsku-átætlunarinnar. Gert er ráð fyrir að

stefna Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir Norður-Atlantshafssvæðið **NAUST**, þ.e. svæðið sem nær yfir Færeyjar, Grænland, Ísland og vesturhluta Noregs, verði samþykkt í upphafi árs og mun formennskan fylgja framkvæmd hennar úr hlaði.

Dag Norðurlandanna 23. mars á að nýta enn betur til þess að auka sýnileika norræns samstarfs meðal almennings og styðja við upplýsingaherferð Norrænu ráðherranefndarinnar um kosti Norðurlandasamstarfsins.

Í apríl 2019 verður stór alþjóðleg ráðstefna um **framtíð vinnunnar** haldin á Íslandi. Ráðstefnan er lokaþáttur í samnefndu norrænu verkefni á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar um áskoranir tengdar fjórðu iðnbyltingunni og mun einnig beina sjónum að jafnréttismálum á vinnumarkaði. Ráðstefnan tengist 100 ára afmæli Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar.



Í mars 2019 fer fram samnorræn ráðstefna um **geðheilbrigðismál** og í maí verður ráðstefna um tengsl **fátæktar, félagslegrar stöðu og lýðheilsu**. Báðar þessar ráðstefnur verða í Reykjavík og eru skipulagðar af velferðarráðuneytinu á Íslandi í samstarfi við önnur Norðurlönd og haghafa.

Formennska Íslands mun leggja áherslu á að fylgja úr hlaði og tryggja framgang tillagna sem unnar hafa verið um framtíð norræns samstarfs á sviði velferðarmála og umhverfismála, um bætt nýsköpunarumhverfi fyrirtækja og aukinn hreyfanleika innan Norðurlandanna, með fundum og viðburðum á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndunum.



Mynd: iceland.is



Mynd: iceland.is

UNGT FÓLK Á NORÐURLÖNDUNUM



Markmið 4.7



4.7 Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allir nemendur öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til þess að ýta undir sjálfbæra þróun, meðal annars með menntun sem er ætlað að efla sjálfbæra þróun og sjálfbæran lífsstíl, með því að hlúa að friðsamlegri menningu, með mannréttindum, kynjajafnrétti, alheimsvitund, viðurkenndri menningarlegri fjölbreytni og framlagi menningar til sjálfbærrar þróunar.

SJÁLFBÆR FERÐA- MENNSKA Í NORÐRI



Markmið 8.9



8.9 Eigi síðar en árið 2030 hafi verið mótuð og innleidd stefna í því skyni að stuðla að sjálfbærri ferðajónustu sem skapar störf og leggur áherslu á staðbundna menningu og framleiðsluvörur.

HAFIÐ – BLÁR VÖXTUR Í NORÐRI



Markmið 14.1



14.1 Eigi síðar en árið 2025 verði verulega dregið úr og komið í veg fyrir hvers kyns mengun sjávar, einkum frá starfsemi á landi, þ.m.t. rusli í sjó og mengun af völdum næringarefna.

GENERATION 2030



Markmið 12.2



12.2 Eigi síðar en árið 2030 verði markmiðum um sjálfbæra og skilvirka nýtingu náttúruauðlinda náð.

Markmið 12.5



12.5 Eigi síðar en árið 2030 hafi forvarnir, minni úrgangur, aukin endurvinnsla og endurnýting dregið verulega úr sóun.

Markmið 12.8



12.8 Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að fólk um allan heim sé upplýst og meðvitað um sjálfbæra þróun og hvernig það getur lifað í sátt við náttúruna.

Markmið 12.B



12.B Þróuð verði tæki til þess að fylgjast með áhrifum sjálfbærrar þróunar á ferðajónustu sem leiðir af sér störf og ýtir undir staðbundna menningu og framleiðslu.



Norræna ráðherranefndin
Nordens Hus
Ved Stranden 18
DK-1061 Kaupmannahöfn
www.norden.org

FORMENNSKA ÍSLANDS Í NORRÆNU RÁÐHERRANEFNDinni 2019

Ungt fólk, sjálfbær ferðamennska og málefni hafsins eru áherslumál formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni 2019. Norrænar áherslur á jafnrétti, stafræna væðingu og sjálfbæra þróun fléttast inn í formenskukverkefni, sem og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Yfirskrift formenskunnar vísar til vináttu Norðurlandanna sem birtist meðal annars í hreyfanleika og öfluglu innbyrðis samstarfi. Gagnvegir liggja líka út í heim þar sem Norðurlöndin kynna sig sameiginlega og leggja sitt af mörkum til alþjóðasamstarfs í þágu friðar, öryggis og umhverfisverndar. Gagnvegir framtíðar liggja um stafræna veröld.

Það er rótgróin virðing fyrir leikreglum lýðræðis og réttarríkis á Norðurlöndunum. Við erum staðföst í að vera áfram friðsamleg og fjölbreytt velferðarsamfélög þar sem menning og menntun blómstrar og allir eiga rétt á að njóta sín. Samfélög þar sem nýsköpun á sér stað í þágu náttúru, atvinnu og öflugs efnahagslífs.

Norrænt samstarf hefur sýnt að það er betra að byggja brýr en reisa múra. Það er ekkert gamaldags við samvinnu, vináttu og virðingu. Grundvallargildi Norðurlandanna eiga áfram fullt erindi.

ANP 2018:825
ISBN 978-92-893-5856-9 (PRINT)
ISBN 978-92-893-5857-6 (PDF)
ISBN 978-92-893-5858-3 (EPUB)